

Mótt.dags. 28.06.2018

Málalýkill 10.45

Mál nr. 1806441


Garðabær 28. júní 2018

Til þeirra er málið varðar.

Guðmundur Már Ketilsson heiti ég og bý í Kjarmóum 15 í Garðabæ. Sá leiðinlegi atburður gerðist fyrir ári síðan að ekið var á litla hvolpinn okkar, fyrir framan húsið okkar, með þeim afleiðingum að hún dó. Eftir að þetta gerðist þá fórum við að fylgjast náið með umferðinni í götunni en við fluttum inn í húsið í desember 2016. Eftir að við fórum að fylgjast með umferðinni þá er það mat okkar að hún er bæði hröð og að sama skapi keyra bílar oft mjög nálægt og oft nánast uppá bílaplanið okkar en íbúðin okkar er endaíbúð og liggur því alveg við beygjuna innst í götunni. Í þessu samhengi er vert að taka það fram að hvolpurinn okkar er ekki allur kominn út á götu þegar bíllinn keyrir á hana þannig að það þarf ekki að spyrja að leikslokum ef þetta hefði verið barn.

Eftir að hafa borið þetta upp á Facebook síðu Kjarmóa þá kemur í ljós að íbúar götunnar hafa haft af þessu áhyggjur í töluverðan tíma en, eins og fyrr segir, þá höfum við bara búið í húsinu síðan í desember 2016. Þetta mál snertir okkur mikið bæði vegna þess að keyrt var á hvolpinn okkar og eins eigum við 3 börn og umgöngumst margar barnafjölskyldur og því teljum við mikla hættu á að það geti orðið þarna alvarleg slys ef ekkert verður að gert. Eins og fyrr segir þá erum við aðallega að horfa á þessa beygju og hvort sé eitthvað hægt að gera til að takmarka hraðan þar og færa umferðina lengra frá bílplaninu okkar en þeir sem búa neðar í götunni hafa einnig talað um að bílar komi þar oft á mikilli ferð þegar keyrt er inn götuna. Við spyrjum því einfaldlega hvort hægt sé að breyta Kjarmóum í vistgötu, sem takmarkar þá hraða við 15 km/h í stað 30 km/h, og settar verði upp viðeigandi hraðahindranir, á viðeigandi staði, til að tryggja með sem bestum hætti að hraðatakmarkunum verði fylgt eftir. Eins myndum við vilja sjá einhverjar aðgerðir, hvort sem það séu þrengingar eða eitthvað annað, til að færa umferð lengra frá bílplaninu okkar sem liggur alveg við beygjuna innst í götunni.

Virðingafyllst og með fyrirfram þökk



Guðmundur Már Ketilsson